

Nd.

207. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um verðlag á vörum, nr. 70 31. desember 1937.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Næst á undan orðunum „heildsölu og smásölu“ í 1. gr. laganna bætist: umboðssölu.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Allar ákvarðanir sínar um hámarksverð eða hámarksálagningu skal verðlagsnefnd þegar í stað tilkynna ráðherra, sem sér um birtingu þeirra. Skulu ákvarðanir nefndarinnar koma í gildi jafnskjótt og þær hafa verið birtar, og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

Greinargerð.

Eins og umrædd lög eru nú, getur leikið nokkur vafi á því, að verðlagsnefnd hafi heimild til að setja hámarksákvæði um verð eða álagningu í umboðssölu, en þar sem það hefir komið í ljós við framkvæmd laganna, að slíkt getur talizt nauðsynlegt, er hér með lagt til, að verðlagsnefnd fái ótvírætt þessa heimild.

5. gr. nefndra laga er svo hljóðandi:

„Allar ákvarðanir sínar um hámarksverð eða hámarksálagningu skal verðlagsnefndin þegar í stað tilkynna ráðherra, er tilkynnir þær lögreglustjórum, sem síðan annast um, að þær verði birtar almenningi. Skulu ákvarðanir nefndarinnar koma í gildi jafnskjótt og þær eru birtar á hverjum stað og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.“

Við framkvæmd laganna hefir komið í ljós, að þessi aðferð um birtingu á ákvörðunum verðlagsnefndar er mjög erfið og kostnaðarsöm. Eðlilegast virðist, að birtingin sé á einni hendi, og mundi í flestum tilfellum nægja, að ráðuneytið birti ákvarðanirnar í Lögbirtingablaðinu og t. d. tvisvar í útvarpi. Er því hér með lagt til að breyta lögnum hvað þetta snertir.